

SAMÞYKKT

um afgreiðslur byggingarfulltrúa Keflavíkurflugvallar.

1. gr.

Byggingarfulltrúi Keflavíkurflugvallar afgreiðir, án staðfestingar Isavia ohf., mál skv. 2. gr., er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum.

2. gr.

Byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða:

1. Umsóknir um byggingarleyfi skv. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga vegna tiltekinna minni háttar framkvæmda, þ.m.t. byggingarleyfi vegna nýbygginga, viðbygginga, minni háttar breytinga á innra skipulagi og útliti húsa og eignaskipta.
2. Umsóknir vegna minni háttar breytinga sem verða á mannvirki í framkvæmd.
3. Umsóknir vegna breytinga á hæðarlegu lóða, uppsetningar girðinga, gróðurs og frágangs lóða, staðsetningar gáma á atvinnulóðum, minni háttar skilta á mannvirkjum og lóðum, sem og númerabreytinga húsa og lóða, svo og skiptingar lóða og landa eða breytingu á lóðamörkum og landamerkjum, enda sé það í samræmi við skipulag.
4. Umsóknir um framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga vegna minni háttar framkvæmda sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess og eru í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.
5. Umsóknir um staðbundin réttindi iðnmeistara, sbr. 2. mgr. 37. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.
6. Stjórn Isavia ohf. getur falið byggingarfulltrúa fullnaðarafgreiðslu uppdráttu sem liggja fyrir stjórninni og uppfylla ekki ákvæði byggingarreglugerðar um minni háttar atriði eftir lagfæringu hönnuða á framlögðum gögnum.

3. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi vegna umsókna skv. 1., 2. og 3. tölul. 2. gr. og framkvæmdaleyfi skv. 4. tl. 2. gr. að uppfylltum ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmálum og öðrum samþykktum Isavia ohf. um skipulags- og byggingarmál. Telji byggingarfulltrúi að erindi sé í ósamræmi við skipulagsáætlanir, skipulagsskilmála og/eða byggingarreglugerð eða óvissu ríkja um hvort uppfyllt séu ákvæði laga, reglugerða og samþykktu, skal hann vísa málinu til afgreiðslu stjórnar Isavia ohf.

4. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til formlegrar afgreiðslu á næsta fundi stjórnar Isavia ohf. og bókuð í gerðabók stjórnarinnar. Í gerðabókinni skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

Synji byggingarfulltrúi erindi skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því með skriflegum rökstuðningi.

5. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda eftir því sem við á ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum þeirra reglugerða sem settar eru á grundvelli laganna.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa skal honum leiðbeint um heimild til að óska endurupptöku máls hjá stjórn Isavia ohf. innan þriggja mánaða frá tilkynningu

ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Telji stjórn Isavia ohf. að skilyrði fyrir endur-
upptöku séu fyrir hendi skal byggingarfulltrúi taka málið aftur fyrir.

Að auki skal aðila máls leiðbeint um rétt hans til að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar
skipulags- og byggingarmála skv. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga og 10. gr. byggingarreglugerðar
nr. 441/1998.

7. gr.

Ofangreind samþykkt stjórnar Isavia ohf. sem fer með byggingarmál á Keflavíkurflugvelli skv.
lögum nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar og lögum nr.
153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar staðfestist hér
með samkvæmt 7. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari
breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisstjórnuneytinu, 25. nóvember 2010.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.